

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 179/2020

2023/EES/70/03

frá 11. desember 2020

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1629 frá 25. júlí 2018 um breytingu á skránni yfir sjúkdóma sem sett var fram í II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 frá 3. desember 2018 um beitingu tiltekinna reglna um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum fyrir flokka skráðra sjúkdóma og um að koma á skrá yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/690 frá 17. desember 2019 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar skráða sjúkdóma sem falla undir eftirlitsáætlanir Sambandsins, landfræðilegt gildissvið slíkra áætlana og fyrir hvaða skráðu sjúkdóma er heimilt að fastsetja sjúkdómalausastöðu hólfa ⁽⁴⁾.
- 5) Einnig skal bæta við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 ⁽⁵⁾, sem var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 210/2019 ⁽⁶⁾, um breytingu á reglugerð (ESB) 2016/429.
- 6) Reglugerð (ESB) 2016/429 fellir úr gildi tilskipun ráðsins 90/423/EEB ⁽⁷⁾ og tilskipun ráðsins 98/99/EEB ⁽⁸⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðirnar á brott úr samningnum.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 272, 31.10.2018, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 308, 4.12.2018, bls. 21.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 341.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 4, 5.1.2023, bls. 11 og EES-viðbætur nr. 3, 5.1.2023, bls. 11.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 13.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB L 358, 31.12.1998, bls. 107.

- 7) Reglugerð (ESB) 2016/429 fellir úr gildi frá 21. apríl 2021, tilskipanir ráðsins 64/432/EBE ⁽⁹⁾, 82/894/EBE ⁽¹⁰⁾, 88/407/EBE ⁽¹¹⁾, 89/556/EBE ⁽¹²⁾, 90/429/EBE ⁽¹³⁾, 91/68/EBE ⁽¹⁴⁾, 92/35/EBE ⁽¹⁵⁾, 92/65/EBE ⁽¹⁶⁾, 92/118/EBE ⁽¹⁷⁾, 92/119/EBE ⁽¹⁸⁾, 2002/99/EB ⁽¹⁹⁾, 2004/68/EB ⁽²⁰⁾, 2006/88/EB ⁽²¹⁾, 2009/156/EB ⁽²²⁾, 2009/158/EB ⁽²³⁾, ákvarðanir ráðsins 91/666/EBE ⁽²⁴⁾, 95/410/EB ⁽²⁵⁾ og 2000/258/EB ⁽²⁶⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella þær brott úr samningnum frá 21. apríl 2021.
- 8) Reglugerð (ESB) 2016/429 fellir úr gildi frá 21. apríl 2024, reglugerð ráðsins (EB) nr. 21/2004 ⁽²⁷⁾, tilskipanir ráðsins 92/66/EBE ⁽²⁸⁾, 2000/75/EB ⁽²⁹⁾, 2001/89/EB ⁽³⁰⁾, 2002/60/EB ⁽³¹⁾, 2003/85/EB ⁽³²⁾, 2005/94/EB ⁽³³⁾ og 2008/71/EB ⁽³⁴⁾, sem hafa verið teknar upp í EES-samninginn og ber því að fella þær brott úr samningnum frá 21. apríl 2024, eða dagsetningu sem upp fyrir og er ákvörðuð með framseldri lagagerð sem tekin er upp í EES-samninginn.
- 9) Reglugerð (ESB) 2016/429 fellir úr gildi frá 21. apríl 2026, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 576/2013 ⁽³⁵⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og er hún því felld brott úr samningnum frá 21. apríl 2026.
- 10) Ákvörðun þessi varðar löggjöf sem inniheldur ákvæði um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr og dýraafurðir á borð við egg, fösturvísa og sæði. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins kveðið er á um í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við EES-samninginn.
- 11) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda um Liechtenstein.
- 12) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar verða gerðar á I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi kemur í stað texta a-liðar 9. gr. inngangsorða kaflans:

⁽⁹⁾ Stjtið. EB L 121, 29.7.1964, bls. 1977.

⁽¹⁰⁾ Stjtið. EB L 378, 31.12.1982, bls. 58.

⁽¹¹⁾ Stjtið. EB L 194, 22.7.1988, bls. 10.

⁽¹²⁾ Stjtið. EB L 302, 19.10.1989, bls. 1.

⁽¹³⁾ Stjtið. EB L 224, 18.8.1990, bls. 62.

⁽¹⁴⁾ Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 19.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. EB L 157, 10.6.1992, bls. 19.

⁽¹⁶⁾ Stjtið. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54.

⁽¹⁷⁾ Stjtið. EB L 62, 15.3.1993, bls. 49.

⁽¹⁸⁾ Stjtið. EB L 62, 15.3.1993, bls. 69.

⁽¹⁹⁾ Stjtið. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.

⁽²⁰⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 321.

⁽²¹⁾ Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

⁽²²⁾ Stjtið. ESB L 192, 23.7.2010, bls. 1.

⁽²³⁾ Stjtið. ESB L 343, 22.12.2009, bls. 74.

⁽²⁴⁾ Stjtið. EB L 368, 31.12.1991, bls. 21.

⁽²⁵⁾ Stjtið. EB L 243, 11.10.1995, bls. 25.

⁽²⁶⁾ Stjtið. EB L 79, 30.3.2000, bls. 40.

⁽²⁷⁾ Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8.

⁽²⁸⁾ Stjtið. EB L 260, 5.9.1992, bls. 1.

⁽²⁹⁾ Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 74.

⁽³⁰⁾ Stjtið. EB L 316, 1.12.2001, bls. 5.

⁽³¹⁾ Stjtið. EB L 192, 20.7.2002, bls. 27.

⁽³²⁾ Stjtið. ESB L 306, 22.11.2003, bls. 1.

⁽³³⁾ Stjtið. ESB L 10, 14.1.2006, bls. 16.

⁽³⁴⁾ Stjtið. ESB L 213, 8.8.2008, bls. 31.

⁽³⁵⁾ Stjtið. ESB L 178, 28.6.2013, bls. 1.

- „a) **32002 R 0178:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla (Stjtið. ESB L 31, 1.2.2002, bls. 1).

EFTA-ríkjunum sem um ræðir verður boðið að senda áheyrnarfulltrúa á fund fastanefndar um plöntur, dýr, matvæli og fôður sem sett er upp með reglugerð (EB) 178/2002, sem fjallar um málefni sem falla undir lagagerðir sem vísað er til í samningnum. Fulltrúar EFTA-ríkjanna skulu taka fullan þátt í störfum nefndarinnar, en hafa þó ekki atkvæðisrétt,“

2. Eftirfarandi er bætt við á eftir 12. lið (fallinn brott) í hluta 1.1:

„Dýraheilbrigði

13. **32016 R 0429:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) (Stjtið. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 57, 3.3.2017, bls. 65, breytt með:

- **32017 R 0625:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 (Stjtið. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1),
- **32018 R 1629:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1629 frá 25. júlí 2018 (Stjtið. ESB L 272, 31.10.2018, bls. 11).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í a-lið 1. mgr. 49. gr. er orðinu „og Noregs“ bætt við á eftir orðinu „aðildarríkjanna“.

Noregur tekur að sér að bera kostnað af flutningi og breytingu á mótefni, bóluefni og prófefni sem notað er til greiningar og er afhent Noregi samkvæmt ákvæðinu.

- b) eftirfarandi texti kemur í stað 243. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:

“Löggjöf EFTA-ríkjanna sem forvarnir og varnir gegn dýrasjúkdómum sem geta borist í dýr og menn skulu vera í samræmi við viðeigandi kröfur í lögum um dýraheilbrigði, m.a. skilvirkar ráðstafanir til þess að tryggja að útflutningur og endurútflutningur á dýrum og vörum sem falla undir flutningshömlur í aðildarríki ESB sé ekki mögulegur til þriðja lands í gegnum EFTA-ríki.“

- c) Ákvæði 258. gr., 259. gr., 261 gr. og 262. gr. gilda með eftirfarandi aðlögun:

- (i) EFTA-ríkin skulu gera ráðstafanir, samtímis aðildarríkjum ESB, sem samsvara ráðstöfunum þeirra síðarnefndu á grundvelli viðeigandi framkvæmdargerða sem samþykktar hafa verið í samræmi við þetta ákvæði.
- (ii) Ef vandkvæði koma upp við beitingu framkvæmdargerðarinnar skal EFTA-ríkið sem um ræðir tilkynna það sameiginlegu EES-nefndinni þegar í stað.
- (iii) Beiting þessa ákvæðis er með fyrirvara um möguleika EFTA-ríkis á að gera einhliða verndarráðstafanir meðan beðið er samþykkis lagagerða sem getið er í mgr. i.
- (iv) Sameiginlega EES-nefndin getur tekið mið af framkvæmdargerðunum.

- d) Í 279. gr. koma orðin „gildistökuðag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 179/2020“ í stað orðanna „reglugerð kemur til framkvæmda“.

Ákvæði þessarar gerðar gilda gagnvart Íslandi á þeim sviðum sem vísað er til í 2. mgr. inngangsorðanna.

- 13a. **32018 R 1882**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 frá 3. desember 2018 um beitingu tiltekinna reglna um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum fyrir flokka skráðra sjúkdóma og um að koma á skrá yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma (Stjtið. ESB L 308, 4.12.2018, bls. 21).

Ákvæði þessarar gerðar gilda gagnvart Íslandi á þeim sviðum sem vísað er til í 2. mgr. inngangsorðanna.

- 13b. **32020 R 0690**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/690 frá 17. desember 2019 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar skráða sjúkdóma sem falla undir eftirlitsáætlanir Sambandsins, landfræðilegt gildissvið slíkra áætlana og fyrir hvaða skráðu sjúkdóma er heimilt að fastsetja sjúkdómalausastöðu hólfa (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 341).

Ákvæði þessarar gerðar gilda gagnvart Íslandi á þeim sviðum sem vísað er til í 2. mgr. inngangsorðanna.“

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 7c (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000) í hluta 1.1 og í lið 8b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003) í hluta 7.1:

„– **32016 R 0429**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 (Stjtið. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1).“

4. Texti 2. liðar (tilskipun ráðsins 90/423/EBE) í hluta 3.1 fellur brott.

5. Texti 4. liðar (tilskipun ráðsins 92/35/EBE), liðar 8a (tilskipun ráðsins 2006/88/EB), 9. liðar (tilskipun ráðsins 92/119/EBE), og 10. liðar (tilskipun ráðsins 82/894/EBE) í hluta 3.1, 7. liðar (ákvörðun ráðsins 91/666/EBE) í hluta 3.2, 1. liðar (tilskipun ráðsins 64/432/EBE), 2. liðar (tilskipun ráðsins 91/68/EBE), 3. liðar (tilskipun ráðsins 2009/156/EB), liðar 4a (tilskipun ráðsins 2009/158/EB), liðar 5a (tilskipun ráðsins 2006/88/EB), 6. liðar (tilskipun ráðsins 89/556/EBE), 7. liðar (tilskipun ráðsins 88/407/EBE), 8. liðar (tilskipun ráðsins 90/429/EBE) og 9. liðar (tilskipun ráðsins 92/65/EBE) í hluta 4.1, 37 (ákvörðun ráðsins 95/410/EB) og 54. liðar (ákvörðun ráðsins 2000/258/EB) í hluta 4.2, liðar 6a (tilskipun ráðsins 2002/99/EB) og 7. liðar (tilskipun ráðsins 92/118/EBE) í hluta 5.1, 15. liðar (tilskipun ráðsins 92/118/EBE) í hluta 6.1, 2. liðar (tilskipun ráðsins 2009/156/EB), liðar 3a (tilskipun ráðsins 2009/158/EB), liðar 4a (tilskipun ráðsins 2006/88/EB), 5. liðar (tilskipun ráðsins 89/556/EBE), 6. liðar (tilskipun ráðsins 88/407/EBE), 7. liðar (tilskipun ráðsins 90/429/EBE), 15. liðar (tilskipun ráðsins 92/65/EBE), 16. liðar (tilskipun ráðsins 92/118/EBE) og liðar 16a (tilskipun ráðsins 2004/68/EB) í hluta 8.1 fellur brott frá 21. apríl 2021.

6. Texti liðar 7b (reglugerð ráðsins (EB) No 21/2004) og 7d (tilskipun ráðsins 2008/71/EB) í hluta 1.1 og liðar 1a (tilskipun ráðsins 2003/85/EB), 3. liðar (tilskipun ráðsins 2001/89/EB), liðar 5a (tilskipun ráðsins 2005/94/EB), 6. liðar (tilskipun ráðsins 92/66/EBE), liðar 9a (tilskipun ráðsins 2000/75/EB) og 9b (tilskipun ráðsins 2002/60/EB) í hluta 3.1 fellur brott frá 21. apríl 2024 eða frá dagsetningu sem ber upp fyrir og ákvörðuð er í framseldri lagagerð.

7. Texti 10. liðar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 576/2013) í hluta 1.1 fellur brott frá 21. apríl 2026.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2016/429, framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/1629 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2018/1882 og (ESB) 2020/690, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins, hefur borist (*).

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauni

formaður.